

Nr. 21-074 S 052 Garri BA 90 / Helga María RE 1**Varhugaverð sigling****Garri BA 90**

Skipaskr.nr. 6575
Útgerð: Garraútgerðin ehf
Smíðaður: Bátasm. Guðmundar, 1984, trefjaplast.
Stærð: 7,89 bt
Mesta lengd: 10,02 m Skráð lengd: 9,95 m
Breidd: 2,57 m Dýpt: 1,62 m
Vél: Cummins, 187 kw, 2005
Fjöldi skipverja: 2



Garri©Arnbjörn Eiríksson

Helga María RE 1

Skipaskr.nr. 1868
Útgerð: Brim hf.
IMO: 8709793
Smíðaður: Noregur, 1988, stál.
Stærð: 1469,7 bt.
Mesta lengd: 56,86 m Skráð lengd: 54,40 m
Breidd: 12,60 m Dýpt: 7,70 m
Vél: Wartsila, 2200 kW, 1988.
Fjöldi skipverja: 15



Helga María©Þórhallur Gjöveraa

Gögn:

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. febrúar 2022 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 24. júlí 2021 var Helga María RE 1 á togveiðum og Garri BA 90 á siglingu út af Bjargtöngum. Veður: A 4 m/s og svartapoka.

Helga María var á togferð til suðausturs en Garri á vestlægri stefnu á mikilli ferð og var talið að árekstrarhætta hafi skapast þar sem Garri virtist stefna á Helgu Maríu. Skipstjóri Helgu Maríu reyndi, ásamt Vaktstöð siglinga, ítrekað að ná talstöðvar- og símasambandi við Garra án árangurs. Skipstjóri Helgu Maríu taldi sig hafa forðað árekstri með því að setja skipið á fulla ferð afturábak og hífa inn togvíra.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipstjóra Garra þá var ratsjá biluð. Þá hafi AIS tæki bátsins verið tengd við plotter;
- að skipstjóri Garra sagði aðeins eina VHF talstöð í bátnum en hún hafi ekki verið stillt á „dual watch“ (hlustun á rás 16 og aðra rás) og því hefði hann ekki heyrt þegar kallað var;
- að skipstjóri Garra var í sinni fyrstu ferð sem skipstjóri á bátnum. Sagðist hann hafa séð til Helgu Maríu en taldi fjarlægðina vera meiri en raun var.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.

Sérstök ábending

Nefndin bendir á skyldu skipstjórnarmanna að hafa stöðuga hlustun á neyðarrás 16.